

Ásgeir Sigurgeirsson keppti á Evrópumeistaramótinu í loftskammbyssu í dag. Mótið er haldið í Wrocław í Póllandi. Hann hafnaði í 38.sæti af 83 keppendum. Skorið hjá honum var 573 (94 98 93 97 97 94) en til að komast í átta manna úrslit þurfti 580 stig.